



Nr.: 20/2023  
1. desember 2023

## Afgangur á viðskiptajöfnuði 61,8 ma.kr. á þriðja fjórðungi 2023 – hrein staða við útlönd jákvæð um 31,2% af VLF

Á þriðja ársfjórðungi 2023 var 61,8 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 60,8 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 39,7 ma.kr. betri en á sama fjórðungi árið 2022. Halli á vöruskiptajöfnuði var 94,2 ma.kr. en 150,3 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.<sup>1</sup> Frumþáttatekjur skiluðu 18,8 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 13,1 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2023 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2022/3</u>	<u>2022/4</u>	<u>2023/1</u>	<u>2023/2</u>	<u>2023/3</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>22,1</b>	<b>-35,4</b>	<b>-20,8</b>	<b>1,0</b>	<b>61,8</b>
Vöruskiptajöfnuður	-69,5	-84,1	-47,2	-84,0	-94,2
Þjónustujöfnuður	117,9	28,3	25,7	86,1	150,3
Jöfnuður frumþáttatekna	-15,3	31,9	13,2	11,9	18,8
Rekstrarframlög, nettó	-10,9	-11,6	-12,5	-12,9	-13,1
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,7</b>	<b>-1,2</b>	<b>-1,3</b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,7</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-3,4</b>	<b>41,7</b>	<b>-47,3</b>	<b>-32,2</b>	<b>74,2</b>
Bein fjárfesting	-119,8	27,1	-18,5	-7,5	-140,1
Verðbréf	32,7	177,1	24,9	79,3	126,6
Afleiður	2,3	4,2	-2,8	-2,6	-6,9
Önnur fjárfesting	83,5	-86,1	-29,0	-74,1	100,9
Gjaldeyrisforði	-2,1	-80,6	-22,0	-27,2	-6,3
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>-24,8</b>	<b>78,3</b>	<b>-25,2</b>	<b>-32,3</b>	<b>13,1</b>

Betri niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2022 skýrist meðal annars af hagstæðari niðurstöðu frumþáttatekna sem nemur 34,2 ma.kr. Að mestu leyti er það vegna lakari afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir

<sup>1</sup> Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

beina fjárfestingu.<sup>3</sup> Einnig var aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum sem nemur 32,4. Á móti vegur að halli af vöruviðskiptum jókst um 24,6 og af rekstrarframlögum um 2,2 ma.kr.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.272 ma.kr. eða 31,2% af vergri landsframléiðslu (VLF) og batnaði um 145 ma.kr. eða 3,6% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.286 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.014 ma.kr. Á fjórðungnum batnaði staðan um 74 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir hækkuðu um 216 ma.kr. og skuldir um 142 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar lækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 103 ma.kr. og skulda um 184 ma.kr. og leiddu því til 80 ma.kr. betri hreinnar erlendar stöðu. Gengi krónunnar hækkaði um tæp 2% miðað við gengisskráningarvog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 0,7% milli fjórðunga en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði lækkaði um 1,1%.

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	Staða í lok 2023/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreyt- ingar	Aðrar breyt- ingar	Staða í lok 2023/3
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>5.187</b>	<b>216</b>	<b>-103</b>	<b>-14</b>	<b>5.286</b>
Bein fjárfesting	810	8	-15	-13	790
Verðbréf	2.932	127	-78	-4	2.977
Afleiður*	16	-7	5	0	14
Önnur fjárfesting	653	94	-7	2	742
Gjaldeyrisforði	776	-6	-8	1	763
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>4.060</b>	<b>142</b>	<b>-184</b>	<b>-5</b>	<b>4.014</b>
Bein fjárfesting	1.400	148	-141	-3	1.405
Verðbréf	1.437	1	-29	0	1.408
Afleiður*	25	0	-4	0	21
Önnur fjárfesting	1.198	-7	-10	-2	1.180
<b>Hrein staða þjóðar- búsins</b>	<b>1.127</b>	<b>74</b>	<b>80</b>	<b>-10</b>	<b>1.272</b>
<b>% af VLF</b>	<b>27,6%</b>	<b>1,8%</b>	<b>2,0%</b>	<b>-0,2%</b>	<b>31,2%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

<sup>3</sup> Neikvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem tekjur í viðskiptajöfnuði.